# 35. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 18. október 2016 og hófst hann kl. 18:45

**Fundinn sátu:**
Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Þórunn María Örnólfsdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 1610098 - Menningarverðlaun Akraness 2016**

Forstöðumaður leggur fram lista yfir ábendingar um Menningarverðlaun Akraness 2016 sem bárust í gegnum vefinn akranes.is

*Nefndin fjallaði um tilnefningar til Menningarverðlauna Akraness 2016 og var einhuga í vali sínu. Nefndin felur forstöðumanni að koma tilnefningu til bæjarráðs til staðfestingar.*

**2. 1609010 - Vökudagar 2016**

Forstöðumaður kynnir drög að dagskrá.

*Farið var yfir dagskrárdrög Vökudaga og auglýsingu fyrir fyrri hluta dagskrár. Nefndin lýsir ánægju sinni með frumkvæði bæjarbúa sem lýsir sér í fjölbreyttri dagskrá. Nefndin hvertur fólk til að kynna sér þá viðburði sem í boði eru í viðburðadagatali á akranes.is og á Facebook síðu hátíðarinnar.*

**3. 1512253 - Írskir dagar 2016**

Forstöðumaður eða verkefnastjóri Írskra daga kynnir samantekt um hátíðina.

*Forstöðumaður fór yfir skýrslu um verkefnið. Nefndin þakkar verkefnastjóra og forstöðumanni fyrir greinargóða samantekt og vel unnin störf á Írskum dögum.*

**4. 1511348 - Útilistaverk við strönd**

Forstöðumaður kynnir fyrirspurn listamanns varðandi verkefnið.

*Forstöðumaður kynnti fyrirspurn listamanns og honum er falið að fylgja þessu verkefni áfram.*

**5. 1609009 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2017**

Forstöðumaður kynnir verkefni til forgangsröðunnar vegna framkvæmda-og fjárfestinga í menningarmálum.

*Nefndin samþykkti forgangsröðun verkefna vegna framkvæmda- og fjárfestinga í menningarmálum.*

EMG

**6. 1610130 - Jólaævintýri í Garðalundi**

Gert grein fyrir hugsanlegu verkefni.

*Margrét Blöndal mætti á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir verkefninu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:20.**

Jónella Sigurjónsdóttir

Þórunn María Ólafsdóttir

Helga Kristín Björgólfsd.

Guðríður Sigurðsson

Alla María Gunnarsd.